

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á eftirfarandi stöðum:

Suðurlhluta Fákafens á mótum Fákafens og Fofafens,
 Dragavegi á mótum Kambsvegar og Dragavegar,
 Traðarholti á mótum Brautarholts og Traðarholts,
 Stúfholti á mótum Brautarholts og Stúfholts,
 Ásholti á mótum Brautarholts og Ásholts,
 Mjölnisholti á mótum Brautarholts og Mjölnisholts,
 Traðarholti á mótum Skipholts og Traðarholts,
 Stangarholti á mótum Skipholts og Stangarholts,
 Brautarholti á mótum Stórhólts og Brautarholts,
 Þverholti á mótum Stórhólts og Þverholts,
 Sölvhólgötu á mótum Ingólfsstrætis og Sölvhólgötu,
 Skothúsvegi á mótum Laufásvegar og Skothúsvegar,
 Seljavegi á mótum Holtsgötu og Seljavegar,
 Vínlandsleið verði aðalbraut milli hringtorgs á Grafarholtsvegi og Þúsaldar,
 Þúsöld verði aðalbraut milli Reynisvatnsvegar og Sóltorgs,
 Kristnibraut (safngata) verði aðalbraut milli Sóltorgs og Krosstorgs,
 Jónsgeisli (safngata) verði aðalbraut milli Reynisvatnsvegar og Krosstorgs,
 Þorláksgæisli (safngata) verði aðalbraut frá Krosstorgi og
 Gvendargeisli (safngata) verði aðalbraut frá Krosstorgi.
 Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember nk.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 2001.

Böðvar Bragason.

REGLUR

um ráðstöfun 700 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Varið skal 280 millj. kr. til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999.

2. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 1999, 2000 og 2001. Við úthlutunina verði byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 1998, 1999 og 2000, og bráðabirgðatölur 1. desember 2001.

Við úthlutunina skal sveitarfélögum raðað í viðmiðunarflokka eftir íbúafjölda með sama

hætti og með sama vægi og við úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2001, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 44/1999 með síðari breytingum.

Skerðing verður á úthlutun til hvers sveitarfélags þegar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna eru 15% yfir viðmiðunartekjum hvers flokks og fellur niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi fækkun í sveitarfélagi verið umfram 3 íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 70 millj. kr. til þess að auka tekjujöfnun sveitarfélaga á árinu 2001 á grundvelli 11. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999 með síðari breytingum. Jöfnunarhlutfall tekjujöfnunarframlaga skal hækka sem nemur fjárhæðinni.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 – liður 8.17 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.